

## SAMÞYKKT

### um sveitarstjóra í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

#### 2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

#### 3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í föllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

#### 4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

#### 5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiddast úr sveitarsjóði.

#### 6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsins gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni. og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

#### 7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Laxárdalshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*